

Fundargerð Skólanefnd

14. fundur Skólanefndar haldinn í Reykjahlíðarskóla 7.maí 2012 kl.15:30

Mættir: Þuríður Helgadótti, Agla Rögnvaldsdóttir, Þórhalla Valgeirsdóttir og Friðrik Jakobsson.
Sólveig Jónsdóttir skólastjóri og Auður Jónsdóttir fulltrúi kennara sátu lið 1 og 2. Sigríður Sigmundsdóttir fulltrúi foreldra sat lið 1.-3.

1. Fundarsetning

Formaður setur fund og ritar fundargerð.

2. Reykjahlíðarskóli

a) Skóladagatal 2012-2013. Smá breytinar verða á áður samþykktu skólatagatali vegna skipulagsdaga kennara. Skólanefnd samþykkir þessar breytingar. Umræða vegna bréfs sem ráðuneytið sendi öllum skólastjórnendum grunnskóla, skólaskrifstofum, sveitarfélögum og ýmsum hagsmunaaðilum um skilgreiningu á skóladögum og kennsludögum. Skólanefnd sér ekki ástæðu til að breyta núverandi samþykkt á skóladagatali 2012-2013 vegna þessa bréfs.

b) Námsframboð. Rætt hefur verið að bjóða upp á nýsköpunarmennt sem valgrein næsta vetur. Einnig er í skoðun að hafa val á föstum námsgreinum þ.e. að í ákveðnum kennslustundum geti nemendur valið um að vinna t.d. íslensku eða stærðfræði. Skólanefnd styður þessar tillögur.

c) Sjálfsmat skóla – niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir nú í vetur. Sigríður Sigmundsdóttir er í sjálfsmatshópi skólans og fór hún yfir niðurstöður frá nemendum, foreldrum og starfsmönnum. Niðurstöður þessar verða kynntar næstu daga.

3. Leikskólinn Ylur

a) Skólanefnd sér ekki að breytingar verði gerðar á þjónustu á lokunartíma leikskólans sumarið 2012 en áréttar að heilsársopnun leikskólans verði komið á fjárhagsáætlun fyrir árið 2013.

b) Skólanefnd ítrekar að hraða frágangi á leikskólavellinum.

4. Skólastefna sveitafélaga.

Núgildandi skólanámskrár grunnskólans og leikskólans auk nokkurra skólastefna annarra sveitafélaga verða notaðar sem viðmið að beinagrind af skólastefnu fyrir sveitarfélagið. Friðrik tók að sér að setja saman texta fyrir næsta fund.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl.17:30

Þuríður Helgadóttir